

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

838. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. júlí 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs og rekstrarstjóri
2. Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga, fundarboð
3. Fundargerð 148. fundar félagsmálaráðs.
4. Fundargerð 151. fundar fræðsluráðs
5. Fundargerð 126. fundar landbúnaðarráðs
6. Fundargerð 239. fundar Skipulags- og umhverfisaráðs
7. Viðaukar við fjárhagsáætlun
8. Umsækjendur um starf sveitarstjóra

Afgreiðslur:

1. Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs er mættur til fundar við byggðarráð. Farið yfir það helsta sem verið er að vinna við s.s. breytingar á grunnskóla vegna flutnings, vinnu við girðingu og undirstöður rennibrautar við íþróttamiðstöð, skipulagsmál, viðgerðir vegna vatnsveitu, málningarvinna, sláttur ofl. Hitaveituframkvæmdir eru að hefjast við veitu í Línakradal. Rætt um möguleika á lagningu ljósleiðara meðfram lagningu hitaveitu í dreifbýli og einnig rætt um hitaveituframkvæmdir 2015.
2. Lagt fram til kynningar boðun XXVIII landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri 24. – 26. september nk.
3. **Fundargerð félagsmálaráðs, formaður byggðarráðs kynnti**
Fundargerð 148. fundar félagsmálaráðs frá 8. júlí sl. Fundargerð í 7 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
4. **Fundargerð fræðsluráðs, formaður byggðarráðs kynnti**
Fundargerð 151. fundar fræðsluráðs frá 8. júlí sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
5. **Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður byggðarráðs kynnti**
Fundargerð 126. fundar landbúnaðarráðs frá 2. júlí sl. Fundargerð í 4 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
6. **Fundargerð skipulags- og umhverfisaráðs, formaður byggðarráðs kynnti**

Fundargerð 239. fundar skipulags- og umhverfisráðs frá 3. júlí sl. Fundargerð í 8 liðum.

3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum

5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum

8. Dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 3 atkvæðum.

7. Lögð fram tillaga að viðaukum við fjárhagsáætlun ársins 2014. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs kynnti.

Viðauki 8 hækkun útgjalda kr. 2.470.000. sem skiptist þannig:

Framlag vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga deild 0486 kr. 355.000 og deild 0286 kr. 365.000. Framlag til styrkvega kr. 1.750.000. Samkvæmt samþykkt ungmennaráðs flutt af deild 0608 kr. 150.000 á deild 0589.

Kostnaði mætt með lækkun á deild 2190 ófyrirséð.

Viðauki 9 hækkun útgjalda kr. 20.000.000. Vegna flutnings skólahalds frá Laugarbakka til Hvammstanga er gerð tillaga um eftirfarandi breytingu á fjárhagsáætlun.

Endurbætur á skólahúsnaði á Hvammstanga eignfærð fjárfesting kr. 17.000.000

Húsbúnaður og tæki fyrir grunnskólann eignfærð fjárfesting kr. 7.600.000

Deild 31101 grunnskóli Hvammstanga viðhald lækkar um kr. 3.000.000

Deild 31102 Laugabakkaskóli viðhald lækkar um kr. 1.600.000

Kostnaði verði mætt með lækkun á eigin fé.

Viðauki 10 hækkun útgjalda kr. 1.600.000. Hækkun launakostnaðar á leikskóla, deild 04111 skv. samþykkt á fundi byggðarráðs frá 30. júní sl. Kostnaði verði mætt með lækkun á eigin fé. Byggðarráð samþykkir framlagða viðauka.

8. **Umsækjendur um starf sveitarstjóra. Formaður byggðarráðs kynnti**

Eftirtaldir sóttu um starf sveitarstjóra Húnaþings vestra.

Aðalsteinn J. Halldórsson	Stjórnsýslufræðingur
Auðunn Bjarni Ólafsson	Alþjóðamarkaðsfræðingur
Drífa Jóna Sigfúsdóttir	Viðskiptafræðingur
Einar Kristján Jónsson	Gæðaeftirlitsmaður
Einar Örn Thorlacius	Lögfræðingur
Eirný Valsdóttir	Ráðgjafi
Friðþjófur Ó. Johnson	Fasteignasali
Guðmundur I Gunnlaugsson	Rútubílstjóri og oddviti
Guðný Hrunn Karlsdóttir	Verkefnastjóri
Guðrún Agða Aðalheiðardóttir	Stjórnmálafræðingur
Gunnar Kristinn Þórðarson	Nemi
Jón Pálmi Pálsson	Ráðgjafi
Jónas Pétur Hreinsson	Markaðsráðgjafi
Kolbrún Stefánsdóttir	Framkvæmdastjóri
Kristinn Dagur Gissurarson	Viðskiptafræðingur
Kristinn Hugason	Stjórnsýslufræðingur

Lárus Páll Pálsson
Ólöf Guðmundsdóttir
Óskar Már Ásmundsson
Páll Línberg Sigurðsson
Ragnar Þorgeirsson
Sigríður Hjaltadóttir
Snorri Finnlaugsson
Steingrímur Hólmsteinsson
Sverrir Berg Steinarsson
Þorsteinn Steinsson
Þórey Edda Elísdóttir

Viðskiptafræðingur
Ráðgjafi
Forstöðumaður
Ferðamálafræðingur
Sparisjóðsstjóri
Heilbrigðisfulltrúi og fjármálastjóri
Fjármálastjóri
Viðurkenndur bókari
Ráðgjafi
Sveitarstjóri
Verkefnastjóri

Samþykkt að taka á dagskrá

9. Erindi Ferðamálafélags Vestur Húnavatnssýslu sem frestað var á síðasta fundi byggðarráðs. Byggðarráð samþykkir að hafna að greiða kostnað vegna endurprentunar á kynningarbæklingi.
10. Erindi frá stjórn fjallskiladeildar Víðidals dags. 13. júlí sl. Ósk um stuðning vegna tjóns í vatnavöxtum á styrkvegi ofan Hrappsstaða. Byggðarráð samþykkir að veita fjallskilastjórninni kr. 250.000 til ofangreinds verkefnis.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:27

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.